

REKSTRARHAGNAÐUR ÁRSINS 2012 SÁ MESTI FRÁ UPPHAFI

- | Hagnaður ársins fyrir skatta nam 57,4 milljónum USD og jókst um 28,9 milljónir USD á milli ára.
- | Tekjuaukning á milli ára var 14%.
- | EBITDA á fjórða ársfjórðungi nam 5,9 milljónum USD og jókst um 7,0 milljónir USD á milli ára.
- | Eiginfjárhlutfall 39% í árslok 2012 samanborið við 36% í árslok 2011.
- | Nettó vaxtaberandi skuldir lækka um 72,1 milljón USD og nema í lok árs 18,1 milljón USD.
- | Stjórn félagsins leggur til að arður að fjárhæð 1,5 milljarðar króna verði greiddur til hluthafa á árinu 2013.

Púsundir USD	4. ársfj. 2012	4. ársfj. 2011	Breyting	12 mán. 2012	12 mán. 2011	Breyting
Rekstrarreikningur						
Heildartekjur	189.422	163.296	26.126	898.866	790.653	108.213
EBITDAR	19.080	13.613	5.467	165.772	144.788	20.984
EBITDA	5.937	-1.052	6.989	109.646	84.935	24.711
EBIT	-8.151	-12.536	4.385	50.787	38.622	12.165
EBT	-8.493	-14.098	5.605	57.448	28.545	28.903
Hagnaður /tap tímabilsins	-8.217	-1.634	-6.583	44.275	36.310	7.965
Efnahagsreikningur						
Heildareignir	-	-	-	762.895	729.739	33.156
Eigið fé	-	-	-	295.932	263.385	32.547
Vaxtaberandi skuldir	-	-	-	150.906	196.868	-45.962
Nettó vaxtaberandi skuldir	-	-	-	18.112	90.179	-72.067
Sjóðsstreymi						
Veltufé frá rekstri	10.833	5.816	5.017	141.490	102.292	39.198
Handbært fé til / frá rekstri	-1.715	9.730	-11.445	166.743	117.341	49.402
Fjárfestingahreyfingar	-25.652	-23.719	-1.933	-76.476	-106.175	29.699
Fjármögnunarahreyfingar	-6.124	10.612	-16.736	-51.453	-27.602	-23.851
Handbært fé í lok tímabils	-	-	-	117.060	79.405	37.655
Lykiltölur						
Afkoma á hlut USD	-0,17	-0,04	-0,13	0,89	0,73	0,16
Innra virði hlutfjár	-	-	-	7,29	6,49	0,80
Eiginfjárhlutfall	-	-	-	39%	36%	3 %-stig
Veltufjárhlutfall	-	-	-	0,94	0,91	3%
Fjárfestingar	25.260	48.451	-48%	95.874	125.008	-23%
Flutningatekjur sem % af heildartekjum	65%	62%	3 %-stig	67%	64%	3 %-stig
EBITDAR hlutfall	10%	8%	2 %-stig	18%	18%	0 %-stig
EBITDA hlutfall	3%	-1%	4 %-stig	12%	11%	1 %-stig
Hlutabréf íslenskar krónur						
Hæsta verð á tímabili	8,24	5,84	41%	8,24	5,84	41%
Lægsta verð á tímabili	7,00	4,81	46%	4,83	3,09	56%
Lokaverð tímabils	-	-	-	8,22	5,03	63%
Markaðsvirði í lok tímabils (milljónir)	-	-	-	41.100	25.150	63%

Allar samanburðartölur fyrra árs eru þýddar yfir í USD miðað við árslokagengi 2011, sem var 122,6 ISK.

BJÖRGÓLFUR JÓHANSSON, FORSTJÓRI

„Rekstrarhagnaður Icelandair Group á árinu 2012 er sá mesti frá upphafi. Arðbær innri vöxtur einkenndi árið og rekstur stærstu rekstrareininga samstæðunnar gekk vel. Hagnaður fyrir skatta nam 57,4 milljónum USD samanborið við 28,5 milljónir USD árið áður. Það er ljóst að skýr stefna félagsins með áherslu á kjarnastarfsemina ásamt miklum metnaði starfsfólks er að skila okkur þessum góða árangri.

Rekstur fjórða ársfjórðungs gekk ágætlega og nam EBITDA 5,9 milljónum USD og jókst á milli ára um 7,0 milljónir USD. Framboð í millilandaflugi var aukið um 26% miðað við fjórða ársfjórðung síðasta árs og fjöldi farþega jókst á sama tíma um 21%. Aukningin var mest á N-Atlantshafinu eins og verið hefur á árinu. Það var ánægjulegt að sjá að fjöldi ferðamanna til Íslands á okkar vegum jókst um tæp 24% á fjórðungnum, en slík aukning skiptir höfuðmáli fyrir ferðapjónustufyrirtæki á Íslandi yfir vetrartímann. Það er í samræmi við stefnu okkar að draga enn frekar úr árstíðarsveiflu og byggja Ísland upp sem heilsársáfangastað.

Í lok árs 2012 er efnahagsreikningur fyrirtækisins sterkur og lausfjárstaðan góð. Eigið fé er 295,9 milljónir USD og eiginfjárhlutfall er 39%. Handbært fé og markaðsverðbréf hafa aukist um 26,1 milljón USD frá upphafi árs og nema 132,8 milljónum USD. Félagið er því vel í stakk búið til áframhaldandi arðbærs innri vaxtar.

Horfur í rekstri félagsins eru ágætar og gerir afkomuspá ráð fyrir að EBITDA muni nema 115-120 milljónum USD á árinu 2013.“

FLUTNINGATÖLUR

- Farþegar í millilandaflugi á fjórða ársfjórðungi voru um 423 þúsund og fjölgaði um 21%.
- Sætanyting var 76,7% og dróst saman um 1,2 prósentustig á milli ára.

	4.ársfj. 2012	% Br.	2012	% Br.
MILLILANDAFLUG				
Farþegafjöldi ('000)	422,5	21%	2.020,4	16%
Sætanyting (%)	76,7	-1,2 %-stig	80,6	1,4 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	1.603,9	26%	7.175,8	16%
INNANLANDS- OG GRÆNLANDSFLUG				
Farþegafjöldi ('000)	76,7	-4%	342,8	-1%
Sætanyting (%)	72,1	6,4 %-stig	69,2	0,7 %-stig
Framboðnir sætiskílómetrar ('000.000)	34,0	-12%	177,8	-1%
LEIGUFLUG				
Flotanyting (%)	88,2	-9,1 %-stig	91,3	-2,2 %-stig
Seldir blokk tímar	7.095	-10%	31.104	-10%
FRAKTFLUTNINGAR				
Framboðnir tonn kílómetrar ('000)	43.111	10%	181.902	8%
Seldir tonn kílómetrar ('000)	23.170	6%	89.381	15%
HÓTEL				
Framboðnar gistinætur	68.086	26%	294.240	16%
Seldar gistinætur	39.800	35%	210.114	22%
Herbergjanýting (%)	58,5	4,1 %-stig	71,4	3,5 %-stig

Framboð í millilandaflugi jókst um 26% á milli ára á fjórða ársfjórðungi og farþegum fjölgaði á sama tímabil um 21%. Farþegaaukning var mest á markaðinum á milli Evrópu og Norður-Ameríku eða sem nam 40%. N-Atlantshafsmarkaðurinn er stærsti markaður félagsins og farþegar á þeim markaði voru um 38% af heildarfarþegafjölda. Sætanyting var 76,7% og dróst saman um 1,2 prósentustig frá fyrra ári.

Farþegar í innanlands- og Grænlandsflugi voru um 77 þúsund í fjórðungnum og fækkaði um 4% miðað við sama tímabil í fyrra. Framboð var dregið saman um 12% og nam sætanyting 72,1% og jókst um 6,4 prósentustig á milli ára. Flotanyting í leiguflygsverkefnum dróst saman um 9,1 prósentustig og nam 88,2%. Seldum blokk tímum í leiguflygi á fjórðungnum fækkaði um 10% á milli ára. Fraktvélar í leiguflygsverkefnum voru einni færri en í fyrra ásamt því að nýting leiguvéla minnkaði vegna viðhalds. Fjöldi seldra gistinóttu jókst um 35% á fjórða ársfjórðungi. Herbergjanýtingin nam 58,5% og jókst um 4,1 prósentustig miðað við sama tímabil á síðasta ári.

REKSTUR FJÓRÐA ÁRSFJÓRÐUNGS

EBITDA var 5,9 milljónir USD á fjórða ársfjórðungi og jókst um 7,0 milljónir USD miðað við sama tímabil 2011. **EBITDA-hlutfall** hækkaði og var 3,1% en var neikvætt um 0,6% á fjórða ársfjórðungi 2011. **EBIT** var neikvætt um 8,2 milljónir USD en var neikvætt um 12,5 milljónir USD á sama tímabili árið á undan. **Tap eftir skatta** var 8,2 milljónir USD en á sama tímabili 2011 nam það 1,6 milljónum USD.

Þúsundir USD	4. ársfj. 2012	4. ársfj. 2011	Breyting
EBITDAR	19.080	13.613	5.467
EBITDA	5.937	-1.052	6.989
EBIT	-8.151	-12.536	4.385
EBT	-8.493	-14.098	5.605
Tap tímabilsins	-8.217	-1.634	-6.583
EBITDAR %	10%	8%	2 %-stig
EBITDA %	3%	-1%	4 %-stig

TEKJUR

- Heildartekjur voru 16% hærrí en 2011.
- Farþegatekjur jukust um 22% á milli ára.

Þúsundir USD	4. ársfj. 2012	4. ársfj. 2011	Breyting	% Breyting
Flutningatekjur	123.657	101.027	22.630	22%
Flugvéla- og áhafnaleiga	30.158	33.189	-3.031	-9%
Aðrar rekstrartekjur	35.607	29.080	6.527	22%
Samtals	189.422	163.296	26.126	16%

Flutningatekjur jukust um 22,6 milljónir USD eða um 22% á milli ára. **Tekjur af leiguflygi** drógust saman um 3,0 milljónir USD sem samsvarar 9%. Skýrist það af samdrætti í leiguflygsverkefnum á milli ára á fjórða ársfjórðungi. **Aðrar rekstrartekjur** hækkuðu um 6,5 milljónir USD eða um 22% miðað við fjórða ársfjórðung 2011, aðallega vegna aukinna tekna af ferðatengdri þjónustu.

KOSTNAÐUR

- Heildarkostnaður jókst um 19,1 milljón USD.
- Kostnaðarhækkunarir eru að mestu tilkomnar vegna aukins framboðs í millilandaflugi.

Þúsundir USD	4. ársfj. 2012	4. ársfj. 2011	Breyting	% Breyting
Laun og annar starfsmannakostnaður	53.400	48.989	4.411	9%
Eldsneytiskostnaður	49.500	39.266	10.234	26%
Flugvéla- og áhafnaleiga	17.304	18.727	-1.423	-8%
Afgreiðslu-, landingar og yfirflugsgjöld	13.754	11.492	2.262	20%
Viðhaldskostnaður flugvéla	13.535	14.526	-991	-7%
Annar rekstrarkostnaður	35.992	31.348	4.644	15%
Samtals	183.485	164.348	19.137	55%

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður hækkuðu um 4,4 milljónir USD eða 9% í samanburði við fjórða ársfjórðung 2011. Aukið umfang reksturs og áhrif samningsbundinna launahækkana skýra frávikin.

Eldsneytiskostnaður jókst um 10,2 milljónir USD sem er 26% hækkun frá sama tíma í fyrra. Skýrast frávikin af framleiðsluaukningu á milli ára. Heimsmarkaðsverð á eldsneyti hækkaði lítillega á milli ára. Meðalverð á fjórða ársfjórðungi 2011 var 1,011 USD/tonn, en 1,025 USD/tonn á sama tímabili í ár.

Flugvéla- og áhafnaleiga lækkaði um 1,4 milljónir USD í samanburði við fjórða ársfjórðung 2011 eða um 8%. Félagið keypti tvær Boeing 757-200 vélar í lok árs 2011 og eina Boeing 757-200 vél í lok fyrsta ársfjórðungs 2012 sem það hafði áður haft á langtímaleigu. Auk þess var einni Boeing 757-200 fraktvél skilað á fyrri hluta ársins.

Afgreiðslu-, landingar- og yfirflugsgjöld námu 13,8 milljónum USD og hækkuðu um 2,3 milljónir USD á milli ára eða um 20% sem skýrist af auknu framboði ásamt almennum verðhækkunum.

Viðhaldskostnaður nam 13,5 milljónum USD og lækkaði um 1,0 milljón USD á milli ára.

Annar rekstrarkostnaður nam 36,0 milljónum USD og hækkaði um 4,6 milljónir USD á milli ára. Skýrist það að mestu af aðkeyptri þjónustu vegna aukningar ferðamanna til Íslands ásamt liðum tengdum aukinni sölu svo sem bókunargjöldum, kreditkortapóknunum og umboðslaunakostnaði.

FJÁRMAGNSLIÐIR

- Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 0,2 milljónir USD.
- Gengisáhrif voru jákvæð um 1,7 milljónir USD.

Þúsundir USD	4. ársfj. 2012	4. ársfj. 2011	Breyting
Fjármagnstekjur	978	2.079	-1.101
Fjármagnsgjöld	-2.843	-2.188	-655
Gengisáhrif	1.669	-1.249	2.918
Samtals	-196	-1.358	1.162

Fjármunatekjur námu 1,0 milljón USD og voru 1,1 milljón USD lægri en á fjórða ársfjórðungi árið 2011. **Fjármagnsgjöld** á fjórða ársfjórðungi námu 2,8 milljónum USD og hækkuðu um 0,6 milljónir USD á milli ára. **Gengisáhrif** á fjórðungnum voru jákvæð og námu 1,7 milljónum USD sem skýrist af sveiflum á gengi helstu viðskiptamynta félagsins gagnvart USD.

EFNAHAGUR OG FJÁRHAGSLEG STAÐA

- Heildareignir voru 762,9 milljónir USD í lok ársins 2012.
- Eiginfjárlutfall var 39%.

Þúsundir USD	31.12.2012	31.12. 2011	Breyting
Heildareignir	762.895	729.739	33.156
Eigið fé	295.932	263.385	32.547
Vaxtaberandi skuldir	150.906	196.868	-45.962
Nettó vaxtaberandi skuldir	18.112	90.179	-72.067
Handbært fé og markaðsverðbréf	132.794	106.689	26.105
Eiginfjárlutfall	39%	36%	3 %-stig
Veltufjárlutfall	0,94	0,91	3%

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 283,0 milljónum USD og jukust um 6,8 milljónir USD frá ársbyrjun. Stærsta eign félagsins er flugvélafloti þess og má sjá nánari umfjöllun um hann undir kaflanum „Flugvélafloti“.

Eigið fé nam 295,9 milljónum USD í lok árs 2012 og eiginfjárlutfallið var 39% og hækkaði miðað við árslok 2011 þegar það nam 36%.

Vaxtaberandi skuldir námu 150,9 milljón USD, samanborið við 196,9 milljónir USD í lok árs 2011. Afborganir langtímaskulda á fjórða ársfjórðungi námu 6,1 milljón USD. Á árinu 2012 námu afborganir langtímaskulda alls 45,1 milljón USD.

Handbært fé og markaðsverðbréf námu samtals 132,8 milljónum USD í lok árs 2012 samanborið við 106,7 milljónir USD í lok árs 2011. Nettó vaxtaberandi skuldir námu því í árslok 2012 18,1 milljón USD sem er lækkun um 72,1 milljón USD frá árslokum 2011.

Þúsundir dala	31.12.2012	31.12. 2011	Breyting
Vaxtaberandi langtímaskuldir	119.358	163.124	-43.766
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	31.548	33.744	-2.196
Markaðsverðbréf	15.734	27.284	-11.550
Handbært fé	117.060	79.405	37.655
Nettó vaxtaberandi skuldir	18.112	90.179	-72.067

SJÓÐSTREYMI OG FJÁRFESTINGAR

- Handbært fé frá rekstri ársins 2012 var 166,7 milljónir USD.
- Sjóðsstaða félagsins sterk.
- Handbært fé í lok árs 2012 var 117,1 milljón USD.

Þúsundir USD	4. ársfj. 12	Br. frá 2011	2012	Br. frá 2011
Veltufé frá rekstri	10.833	5.017	141.490	39.198
Handbært fé til / frá rekstri	-1.715	-11.446	166.743	49.402
Fjárfestingahreyfingar	-25.652	-1.933	-76.476	29.699
Fjármögnunarhreyfingar	-6.124	-16.736	-51.453	-23.851
Handbært fé, breyting	-33.491	-30.114	38.814	55.250
Handbært fé í lok árs	-	-	117.060	37.655

Handbært fé til reksturs á fjórða ársfjórðungi var 1,7 milljónir USD. Handbært fé frá rekstri á árinu 2012 nam 166,7 milljónum USD og jókst um 49,4 milljónir USD miðað við árið 2011. Sjóðsstaða ársins jókst um 37,6 milljónir USD og handbært fé í árslok var 117,1 milljón USD.

Fjárfestingar á fjórða ársfjórðungi 2012 námu 25,3 milljónum USD og fjárfestingar ársins námu 95,9 milljónum USD. Þar af námu fjárfestingar án sjóðshreyfinga 4,0 milljónum USD. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir helstu fjárfestingar félagsins.

Þúsundir USD	4. ársfj. 12	2012
Varanlegir rekstrarfjármunir		
Flugvélar og fylgihlutir	12.857	44.667
Hreyflayfirhöl eigin vélar	3.368	12.292
Aðrar fjárfestingar	2.046	9.570
Langtímakostnaður		
Hreyflayfirhöl á leiguvélum	5.589	26.848
Óefnislegar eignir	1.400	2.497
Fjárfestingar samtals	25.260	95.874

FLUGFLOTI

- Flugvélar félagsins í árslok 2012 voru 39.
- Viljayfirlýsing undirrituð í desember við Boeing um kaup á tólf 737 MAX8 og MAX9 vélum ásamt kaupréttum á tólf flugvélum til viðbótar.
- Boeing 757-200 áfram notaðar í millilandaflugi félagsins með nýjum flota.

Í lok ársins 2012 samanstóð flugfloti Icelandair Group af 39 vélum. Þar af voru 24 vélar í eigu félagsins og 15 vélar voru leiguvélar. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir flugflotann:

Flugvélagerð	Icelandair	Cargo	Loftleiðir	Flugfél. Íslands	Flugfloti 31.12.12	Flugfloti 31.12.11	Eigin vélar	Leigu-vélar	Breyt. frá 31.12.11
B757 200	16	4	3		23	21	14	9	4
B757 300	1				1	1	1	0	0
B767 300			5		5	5	0	5	-1
B737 800			1		1		0	1	1
Fokker F-50				6	6	6	6	0	0
Dash 8-200				2	2	0	2	0	2
Dash 8-100					0	1	0	0	-1
A-320					1	1	1	0	0
Samtals	17	4	9	8	39	35	24	15	5

Í desember 2012 undirritaði félagið viljayfirlýsingu um pöntun á tólf 737 MAX8 og 737 MAX9 flugvélum með kauprétti á tólf flugvélum til viðbótar. Um er að ræða nýjar gerðir flugvéla og er áætlað að fyrstu vélarnar komi í rekstur flugfélaga árið 2017. Félagið mun taka við fyrstu vélunum á fyrri hluta árs 2018, eða eftir rúmlega 5 ár. Þantaðar eru átta 737 MAX8 vélar sem taka 153 farþega og fjórar 737 MAX9 vélar sem taka 172 farþega. Til samanburðar taka Boeing 757-200 flugvélar Icelandair 183 farþega.

Boeing 737 MAX vélarnar eru ný og endurbætt langdrægari útgáfa af núverandi Boeing 737 vélum. Á þeim verða nýir og sparneytnari hreyflar sem lækka eldsneytisnotkun um 20% á sæti samanborið við Boeing 757-200 vélarnar sem notaðar eru í millilandaflugi félagsins í dag.

Boeing 757 flugvélar verða áfram notaðar í millilandafluginu með nýju flugvélunum enda henta þær einstaklega vel fyrir leiðakerfið sem nær til Evrópu og Norður-Ameríku. Nýju flugvélarnar munu bætast við og stækka flotann og munu þær auka sveigjanleika og möguleika á frekari vexti. Þær hafa flugdrægni til áfangastaða í Norður-Ameríku og Evrópu og bjóða uppá nýja möguleika til aukinnar tíðni og fjölgunar áfangastaða og þá sérstaklega yfir vetrartímamann sem minnkar árstíðasveiflu í rekstrinum.

HORFUR Í REKSTRI ICELANDAIR GROUP HF.

- | Forsendur gera ráð fyrir 115-120 milljónum USD í EBITDA á árinu 2013.
- | Áframhaldandi innri vöxtur.

Horfur í rekstri Icelandair Group eru góðar. Áframhaldandi innri vöxtur er ráðgerður á árinu 2013 með 15% umfangsmeiri flugáætlun í millilandaflugi en á árinu 2012. Vöxturinn er áætlaður hlutfallslega meiri yfir vetrarmánuðina en yfir sumarið sem er í takt við stefnu félagsins að draga úr árstíðarsveiflu og byggja Ísland upp sem heilsársáfangastað.

Gert er ráð fyrir að millilandaferðar verði yfir 2,3 milljónir á árinu 2013, en þeir voru rétt yfir 2 milljónir á árinu 2012. Bókunarstaða fyrir næstu mánuði er í takt við áætlanir um vöxt. Gert er ráð fyrir að fjöldi ferðamanna sem fljúga með félaginu yfir N-Atlantshafið muni aukast mest á árinu en jafnframt er áætlað að ferðamönnum til Íslands fjölgi.

Millilandaflugið er helsti drifkrafturinn í rekstri Icelandair Group. Þannig hefur aukið framboð og fjölgun ferðamanna jákvæð áhrif á aðra starfsemi samstæðunnar, hvort sem um er að ræða hótellrekstur, þjónustu við ferðamenn á Íslandi, flugafgreiðslu eða fraktflutninga milli landa og er gert ráð fyrir vexti í rekstri þessara félaga á árinu.

Innanlandsflugsstarfsemi félagsins býr við krefjandi rekstrarumhverfi vegna mikilla hækkana á opinberum gjöldum á Íslandi á undanförunum árum. Hækkanirnar hafa verið íþyngjandi og dregið úr eftirspurn. Brugðist hefur verið við með minna framboði. Ráðgerir félagið að minnka flugáætlun sína innanlands um 4% miðað við árið 2012 vegna þessa.

Staða eldsneytisvarna félagsins í lok desember er dregin fram í töflunni hér á eftir. Taflan sýnir að 18% af áætlaðri notkun á árinu 2013 hefur verið varin með samningum. Auk samningsbundinna varna skilgreinir félagið samspil EUR/USD og eldsneytisverðs sem innri áhættuvörn.

2013	Áætluð notkun (tonn)	Skiptasamn. og valréttir	Meðalverð samninga USD	Hlutfall varið
Janúar	11.904	5.200	1.022	44%
Febrúar	10.536	5.200	1.028	49%
Mars	13.681	5.250	1.001	38%
Apríl	14.457	5.250	1.000	36%
Mái	18.023	4.250	1.010	24%
Júní	23.785	4.300	1.012	18%
Júlí	25.531	2.400	1.019	9%
Ágúst	25.450	2.400	1.007	9%
September	20.509	2.250	994	11%
Október	17.271	2.000	995	12%
Nóvember	14.970	0	-	0%
Desember	12.163	0	-	0%
Samtals	208.281	38.500	1.010	18%

Áætlanir gera ráð fyrir að EBITDA fyrir árið 2013 verði 115 - 120 milljónir USD. Sú spá gerir ráð fyrir að gengi EUR gagnvart USD verði að meðaltali 1,30. Við mat á eldsneytiskostnaði er notast við verðið 1.050 USD/tonn. Afkomuspáin gerir ráð fyrir að einingakostnaður í millilandaflugi félagsins (fyrir utan eldsneytiskostnað) muni lækka um 1,4% miðað við árið 2012 og að einingatekjur muni aukast um 1,1%. Á fyrsta ársfjórðungi er gert ráð fyrir að EBITDA verði neikvæð og að hún muni verða töluvert lakari en á fyrsta ársfjórðungi síðasta árs. Skýrist það af því að kostnaður sem tengist auknu umfangi á háannatíma fellur að stórum hluta til á fjórðungnum. Innleiðingakostnaður vegna tveggja véla sem bætast í flotann næsta sumar gjaldfærast á fyrstu mánuðum ársins. Kostnaður tengdur sölu flugmiða er gjaldfærður um leið og salan á sér stað, en tekjufærsla á sér ekki stað fyrr en flugmiðinn er nýttur.

Tímabilið maí – september er háannatími Icelandair Group og vegur kostnaður sem tengist fyrirframsölu vegna hans, eins og bókunargjöld, kreditkortþóknar og umboðslaun, þungt á fjórðungnum ásamt kostnaði vegna auglýsinga og markaðssóknar. Gert er ráð fyrir afkomubata á öðrum fjórðungum ársins, þá sérstaklega á þriðja ársfjórðungi.

LYKILSTÆRÐIR EFTIR ÁRSFJÓRÐUNGUM

Þúsundir USD	1. ársfj. 2012	2. ársfj. 2012	3. ársfj. 2012	4. ársfj. 2012
Afkomutölur				
Heildartekjur	157.698	234.395	317.351	189.422
EBITDAR	11.136	42.891	92.665	19.080
EBITDA	-3.048	28.818	77.939	5.937
EBIT	-16.723	14.514	61.147	-8.151
EBT	-16.627	17.811	64.757	-8.493
Hagnaður / tap tímabils	-13.189	14.319	51.362	-8.217
EBITDAR %	7%	18%	29%	10%
EBITDA %	-2%	12%	25%	3%
Efnahagsreikningur				
Heildareignir	780.269	821.678	794.683	762.895
Eigið fé	241.338	253.692	306.368	295.932
Vaxtaberandi skuldir	171.154	167.096	158.126	150.906
Nettó vaxtaberandi skuldir	25.588	-21.994	-9.549	18.112
Handbært fé og markaðsverðbréf	145.566	189.090	167.675	132.794
Sjóðsstreymi				
Veltufé frá rekstri	2.457	38.429	89.771	10.833
Handbært fé til / frá rekstri	86.138	72.214	10.106	-1.715
Fjárfestingahreyfingar	-12.509	-16.826	-21.489	-25.652
Fjármögnunarhreyfingar	-25.714	-10.214	-9.401	-6.124

HLUTHAFAR

- | **Markaðsvirði félagsins í lok desember 2012 var 41,1 milljarður íslenskra króna.**
- | **Hækkun hlutabréfaverðs á fjórða ársfjórðungi nam 15,3%.**
- | **Hækkun hlutabréfaverðs á árinu 2012 var 63,4%.**

Markaðsvirði félagsins nam 41,1 milljarði króna í lok fjórða ársfjórðungs 2012. Lokaverð fjórðungsins var 8,22 krónur á hvern hlut. Hæsta dagslokaverð á hvern hlut á fjórðungnum var 8,24 krónur, lægsta dagslokaverð á hvern hlut var 7,00 krónur og meðaltals dagslokaverð á tímabilinu var 7,55 krónur á hvern hlut. Fjöldi útgefinna hlutabréfa þann 31. desember 2012 var 5.000.000.000 og fjöldi útstandandi bréfa á sama tíma var 4.974.540.000. Hlutabréfaverð félagsins hækkaði um 63% á árinu 2012 og fjöldi hluthafa var 1.458 í lok desember.

Stjórn Icelandair Group leggur til að 1,5 milljarður íslenskra króna verði greiddur í arð til hluthafa á árinu 2013.

Hlutabréfaverð og velta - þróun á árinu 2012:



KYNNINGARFUNDUR 8. FEBRÚAR 2013

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn föstudaginn 8. febrúar 2013 á Icelandair Hótel Reykjavík Natura. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, og Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála, munu kynna afkomuna og svara spurningum ásamt öðrum stjórnendum félagsins. Kynningin hefst kl. 16:30 í Víkingasal 5. Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Nasdaq OMX Iceland hf.

SAMÞYKKT ÁRSHLUTAREIKNINGS

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna fjórða ársfjórðungs og ársuppgjörs 2012 var samþykktur á stjórnarfundum þann 7. febrúar 2013. Ársreikningurinn var endurskoðaður af KPMG Endurskoðun hf.

FJÁRHAGSDAGATAL

- | Aðalfundur, 13. mars 2013
- | Uppgjör 1. ársfjórðungs – vika 18, 2013
- | Uppgjör 2. ársfjórðungs – vika 31, 2013
- | Uppgjör 3. ársfjórðungs – vika 44, 2013
- | Uppgjör 4. ársfjórðungs – vika 06, 2014

FREKARI UPPLÝSINGAR VEITA

- | Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sími: 896-1455
- | Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group, sími: 665-8801